

Tillaga til ályktunar

Það er réttlætismál að fólk eigi kost á að sinna ríkisstörfum þótt það búi á landsbyggðinni og það er einnig réttlætismál að fólk geti valið sér búsetu á landsbyggðinni þótt það vinni hjá ríkinu. Þann 1. Janúar 2018 bjuggu 64% þjóðarinnar á höfuðborgarsvæðinu en þar eru um 70% ríkisstarfa staðsett. Hér hallar því á landsbyggðina.

Æskilegt er að íbúar á landsbyggðinni eigi kost á störfum fyrir ríkið því þessi störf krefjast gjarnan sérfræðimenntunar. Menntunarhlutfall kvenna er hærra en karla, og því geta þessi störf styrkt kynjahlutfallið á landsbyggðinni, slegið á fækkun barna utan höfuðborgarsvæðisins og slegið á hratt hækkandi meðalaldur á landsbyggðinni. Um þau getur ríkt stöðugleiki og þau stuðla að fjölbreytni vinnumarkaðar og mannlífs utan höfuðborgarsvæðisins.

Flokksstjórn Samfylkingarinnar ályktar að opinber störf á vegum ríkisins skuli ávallt vera án staðsetningar, nema aðstæður krefjist annars.